

Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sleipnis.

Ársskýrsla veturinn 2020- 2021



Æskulýðsstarfið.....	3
Æskulýðsnefnd Sleipnis 2020-2021.....	3
Hauststarf 2020.....	4
Starf án hesta en um hesta.....	4
Umhirða reiðtygja.....	4
Hestanudd.....	5
Spilakvöld.....	5
Reiðnámskeið.....	6
Almennt námskeið.....	6
Keppisnámskeiðið.....	7
Samstarf við Fsu.....	8
Annað starf.....	9
17. júní.....	9
Við fórum í hestaferð!!.....	10
Félagshesthús.....	13
Reiðskóli Sleipnis og Oddnýjar Láru.....	14
Mót.....	14
Haust 2021.....	15
Að lokum.....	15

Æskulýðsstarfið.

Hestamannafélagið Sleipnir var stofnað 9. Júní 1929 og hefur alla tíð verið fjölmennt hestamannafélag, þar sem gleði og samheldni ræður ríkjum og hefur æskulýðsstarf þess alltaf verið nokkuð virkt. Í Sleipni eru krakkar frá Selfossi og úr nærsveitum.

Markmið æskulýðsnefndarinnar er að vinna að öflugu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi, sem tekur á sem víðastann hátt á öllu því sem hestamennskan hefur upp á að bjóða. Reynt er að ná til bæði þeirra sem vilja iðka hestamennskuna sem keppnisþrótt og einnig sem félagsstarf og áhugamál. Með því að bjóða upp á sem fjölbreyttast starf erum við bæði að reyna að stuðla að nýliðun meðal ungu knapanna okkar og eins að halda í þá sem komnir eru upp í unglinga- og ungmennaflokk. Gott starf æskulýðsnefndar er nauðsynlegt, því krakkarnir eru framtíð félagsins og hefur stjórn Sleipnis stutt vel við bakið á æskulýðsnefnd með kaupum á góðum búnaði sem notaður hefur verið við kennslu og í byrjun árs 2021 fór Sleipnir í samstarf við Sveitarfélagið Árborg um að starfrækja félagshesthús fyrir börn og unglina sem ekki hafa aðgang að hestum.

Í vetur var nokkur óvissa í gangi út af Covid og hvort hægt væri að fara af stað með skipulag. Við ákváðum þó að láta ekki deigan síga og skipulögðum starfið eins og um „eðlilegan“ vetur væri að ræða, án þess að auglýsa alla viðburði og stukkum þá til og héldum það sem hægt væri að halda, en annað þurfti að fella niður, eins og Hestafjörinu okkar sem og óvissuferðinni, en okkur tókst að fara með eldri krökkunum okkar í hestaferð, sem tókst frábærtlega í flesta staði og verður klárlega endurtekin að ári. Gaman var að sjá hversu þátttaka var góð í öllum sem boðið var upp á og hversu áhugasama þátttakendur við eigum. Eins var frábært að sjá hversu mikil nýliðun var meðal yngri þátttakenda.

Hér verður farið yfir helstu viðburði á vegum æskulýðsnefndarinnar þetta árið.

Æskulýðsnefnd Sleipnis 2020-2021.

Æskulýðsnefnd Sleipnis er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Guðrún Linda Björgvinsdóttir, formaður

Tone Marit Torgeirsdóttir Lien

Ragnildur Loftsdóttir

Bianca Elísabet Treffer

Halldóra Ólafsdóttir

Þórdís Sigurðardóttir – fór úr nefnd vor 2020

Birna Rán Magnúsdóttir – gekk í nefnd haust 2021

Rakel Dóra Leifsdóttir – gekk í nefnd haust 2021

Anna Björg Níelsdóttir er tengiliður æskulýðsnefndar við stjórn Sleipnis.

Hauststarf 2020

Markmið hestamannafélaga víðsvegar á landinu er að fá félögin skilgreind sem íþróttafélög og er það vilji okkar í stjórn æskulýðsnefndarinnar að börnum gefist kostur á því að stunda hestamennskuna fleiri mánuði á ári. Við ákváðum því að kanna áhugann á því að byrja með námskeið í lok október og var skráning framúr björtustu vonum. Stóð það námskeið til miðjan desember og var markmið þess að horfa á upphaf þjálfunar á hestinum og uppbyggingu hans fyrir komandi tímabil, hvort sem um keppnishest eða almennan reiðhest var að ræða. Árný Oddbjörg Oddsdóttir kenndi þetta námskeið og voru nemendur annað hvort einir í tíma eða tveir saman.

Starf án hesta en um hesta.

Eins ákváðum við að bjóða upp á hina ýmsu viðburði án hesta en flestir þeirra snerust þó um hestamennskuna að einhverju leiti en einnig voru viðburðir til að hrista hópinn saman.

Umhirða reiðtygja.

Meðal þessara viðburða var að Guðmundur Árnason söðlasmiður hitti krakkana í reiðhöll Sleipnis. Hann kenndi þeim að þrifa og bera á hnakkana sína og reiðtygi og fór yfir mikilvægi þess að hugsa vel um þessa hluti. Frábær dagur og sáttir krakkar með tandurhreina hnakka að honum loknum.



Hestanudd

Auður frá Hestanudd og heilsa koma svo einnig og hitti krakkana. Hún fór yfir vöðvauppbyggingu hestsins og sýndi þeim álagspunkta og vöðvabólgur og hvernig hægt sé að nudda það úr hestinum. Auður er hestanuddari og hestasjúkraþjálfari og er markmið hennar að stuðla að almennri heilsueflingu fyrir hesta á öllum aldri og öllum stigum þjálfunar. Frábær fræðsla og kynning sem krakkarnir fengu í þessum tíma og var 20 krökkum sem tóku þátt, skipt í tvo hópa.



Spilakvöld

Nokkur spila- og/eða pizzukvöld eru haldin allt árið um kring. Krakkarnir hittast þá, spjalla, spila og hafa gaman. Æskulýðsnefnd býður yfirleitt upp á pizzur eða léttari veitingar á þessum kvöldum, sem alltaf eru að verða vinsælli og vinsælli hjá okkur. Eins höfum við verið með reiðfata loppu- og skiptimarkað tengt þessum kvöldum hjá okkur, þar sem gefst

tækifæri til að kaupa sér eða skipta út reiðfatnaði sem er lítið notaður og uppfæra stærðir fyrir þá sem það þurfa, eða bara eignast nýtt/notað dót.



Reiðnámskeið.

Námskeiðin okkar ganga út á það að kenna nemendum allt frá almennri fræðslu eins og undirstöðuatriði er varðar útbúnað og umhirðu hestsins, grunngangtegundir, stöðvunar- og fimíæfingar, að undirstöðuatriðum í þjálfun og uppbyggingu hestsins fyrir keppni, allt eftir vilja og reynslu hvers knapa fyrir sig, en umfram allt horfum við á að hver og einn hafi gaman að tímanum, læri eitthvað við sitt hæfi og njóti hestamennskunnar. Við buðum upp á tvenns konar námskeið eins og áður, almennt námskeið og keppnisnámskeið, en í því síðarnefnda höfum við reynt að bjóða bæði upp á einkatíma eða tvo-þrjá saman í tíma. Í þessum tímum er kennslan einstaklingsbundnari og farið betur í að þjálfa upp þau atriði sem knapinn vill leggja áherslu á með sínum hesti.



Almennt námskeið.

Almenna námskeiðið stóð yfir í 2x 8 vikur og var áhersla lögð á samspil knapa og hests í bland við leiki, þrautir og fræðslu. Við ákváðum að leggja meiri áherslu á kennslu og að reyna að hafa ekki stærri hópa en 5 nemendur í einu. Eins fengum við fleiri kennara inn hjá okkur og var hugsunin að fá með því meiri fjölbreytni í kennsluna. Kennarar voru Hjörvar Ágústsson, Þórdís Erla Gunnarsdóttir og Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir, sem og að Glódís Rún og Védís Huld komu inn og redduðu okkur í veikindum. Aðstoðarkona á þessum námskeiðum var Kristín Hrönn Pálsdóttir og var þátttakendum, 38 talsins kennt í 7 hópum.

Á almenna námskeiðinu var farið í allskonar æfingar á hestinum, riðnar þrautir og kenndar léttar hlýðni- og fimíæfingar. Lögð var meiri áhersla á að nemendur þekktu hestinn sinn og gerðu sér betur grein fyrir hvaða æfingar gætu haft jákvæð áhrif á hann. Eins kynntum við nemendur fyrir TREK þrautum sem vöktu mikla lukku og er klárlega eitthvað sem við munum gera meira af.



Þegar kom fram að vori fór kennari sem þá var Áslaug Fjóra í reiðtúra með krökkunum, var misjafnt milli hópa hversu langt var farið og var þá horft á getu hvers og eins hóps.

Keppnisnámskeiðið.

Keppnisnámskeið okkar byrjaði eins og segir hér að ofan í lok október þar sem kennari fór í upphaf þjálfunar og uppbyggingu á hestinum fyrir komandi tímabil. Námskeiðið hélt svo áfram eftir áramót og var það bæði inni í reiðhöll og svo einnig úti á keppnisvelli. Við lögðum áfram áherslu á að nemendurnir fengu meiri fræðslu á lögum og reglum sem gilda á mótum, t.d. bara það hvernig eigi að ríða í og úr braut, hvernig uppbygging prógramma er og hvað dómamar horfa helst á. Nemendur gátu valið um að vera einir í tíma í 20 mín eða tveir saman í 40 mín. Kennari var Árný Oddrún Oddsdóttir sem kenndi fram að páskum en þá tók Sigríður Þjéttursdóttir við og kenndi fram í júní. Þátttakendur voru á bilinu 10-15.

Sigga var einnig með tvo bóklega tíma þar sem hún fór í íþróttakeppnina og áherslur íþróttadómara annars vegar og svo gæðingakeppnina og áherslur gæðingadómara hins vegar.

Við enduðum keppnisnámskeiðið á því að krakkarnir mættu á keppnisvöllinn og riðu keppnisprógramm að eigin vali, voru tekin upp á videó og fengu ráðleggingar frá kennaranum hvað betur mætti fara og fengu aðra tilraun með ráðleggingar í huga. Eftir að allir voru búnir með prógrammið sitt var farið í Félagsheimilið þar sem horft var á upptökurnar og skoðaður munur á prógrömmum fyrir og eftir ráðleggingar, nemendur komu með komment og eins kennari með frekari útfærslu og ábendingar ef einhverjar voru. Krakkarnir fengu þátttökuverðlaun - písk sem var í boði Baldvins og Þorvaldar, ásamt því að

Maríu Björg Leifsdóttur voru veitt verðlaun fyrir ástundun og framfarir og fékk hún skrautpísk og kamb sem gefin var af Gangmyllunni.



Samstarf við FSu.

Við erum svo heppin að vera í góðu samstarfi við hestabraut FSu og fengu nemendur okkar nokkrum sinnum boð að koma í Votmúla í tíma, þar sem nemendur FSu voru að kenna þeim sætisæfingar, undir leiðsögn kennara sinns. Nemendur á þriðja ári hestabrautar FSU tóku svo einnig þátt í kennslunni í nokkrum tímum í Reiðhöll Sleipnis. Er það hluti af námi þeirra og þar sem Áslaug Fjóla er einnig kennari FSu vorum við svo heppin að fá þau með okkur í tímana. Var reiðhöllinni þá yfirleitt skipt í tvennt og hópunum skipt í minni hópa þar sem þau voru að kenna hestum sínum ýmsar æfingar.



Annað starf

Annað sem Æskulýðskrakkar brölluðu er t.d. að þau týndu rusla á reiðvegum á Bykohring og Skógarhring á Plokkdegi Árborgar.

Meðlimir Æskulýðsnefndar sjá einnig um að telja flöskur sem safnað er í dósagáma í hesthúshverfinu og eru fjáröflun fyrir starfið og er t.d. óvissuferð okkar kostuð með dósapeningnum.



17. júní.

Á 17. júní hefur Æskulýðsnefnd Sleipnis séð um að teyma undir börnum í reiðhöllinni frá kl. 10-12 og að útvega fánabera fyrir skrudgönguna.



Teymingin er mjög vinsæll hjá börnunum og yfirleitt fullt út úr dyrum allan tímann. Að þessu sinni var teymt undir á 10 hestum í tveimur höllum, klukkutími á hverja 5 hesta og var nóg að gera þennan tíma hjá hestum og aðstoðarmönnum.



Engin skruðganga var á Selfossi í ár, en tveir knapar okkar voru glæsilegir fulltrúar Sleipnis í fánareid og setningu hátíðarhalda við Einbúa í Flóahrepp.



Við fórum í hestaferð!!

Við höfum lengi verið með þá flugu í höfðinu að fara í hestaferð og eins og við sögðum frá í skýrslunni í fyrra, þá var hún í plönnum okkar þá, en við þurftum að fella hana niður þá. Núna létum við þó vaða og með stuttum fyrirvara skipulögðum við hestaferð. Var tilgangur ferðarinnar að leyfa krökkunum að upplifa og njóta umhverfisins og góðra reiðleiða í nágretta sveitarfélögum okkar. Við ákváðum að fara ekki langt því við vissum ekki

alveg hvernig allt myndi ganga, en með samheldni og aðstoð foreldra var hægt að láta ferðina verða að veruleika.



12 júní rann upp og var glæsilegur hópur 14 krakka úr Sleipni, á aldrinum 10-15 ára sem lögðu af stað frá Hafinu Bláa. Með í hópnum voru fimm fullorðnir á hesti sem og einn á bíl. Við vorum einnig svo heppin að fá Stefán Jónsson úr hestamannafélaginu Háfeta í Þorlákshöfn til að lóðsaði okkur. Frá Hafinu Bláa voru riðinar svokallaðar flæður í Ölfusárósnum, að Hraunsvegi þar sem haldið var yfir í Þorlákshafnar fjöruna og hún riðin að Skötubót í Þorlákshöfn, þar sem leiðin lá inn á reiðstíga hestamannafélagsins Háfeta. Við fengum æðislegt veður á laugardeginum og aðstæður til útreiða að öllu leiti frábærar. Dagurinn endaði í Þorlákshöfn þar sem Háfetamenn tóku frábærlega á móti okkur, útveguðu stykki fyrir hestana og geymslu fyrir hnakka og reiðtygi. Gist var í félagsheimili Háfeta. Á laugardeginum var farið í sund, spilað, grillað og haft gaman.



Sunnudagurinn rann upp mjög blautur og kaldur. Var upphaflega skipulagið okkar að ríða fjöruna til baka og halda svo áfram upp í Ölfus og enda á Bjarnastöðum hjá Coru Claas og fjölskyldu, úr hestamannafélaginu Ljúf í Hveragerði. Vegna veðurs þá ákváðum við að ríða bara fjöruna og voru hestar og knapar sóttir í gömlu sand námurnar. Flestir héldu þó á Bjarnastaði þar sem Cora tók vel á móti okkur með kaffi, kakói og kökum.

Það var frábært hvað ferðin gekk vel og gaman að geta boðið upp á þetta, því þakklætið frá krökkunum og fjölskyldum þeirra var mjög mikið enda hefur stærstur hluti af hópnum aldrei farið í hestaferð, eins var gaman að sjá hvað krökkunum og hestum fannst gaman að ríða í fjörunni sem og að við öfunduðum Háfetamenn af frábærum reiðleiðum sem þeim bjóðast. Þetta verður klárlega endurtekið eftir áramót.





Félagshesthús.

Sleipnir, í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg hófu tilraunaverkefni með félagshesthús í upphafi árs 2021. Voru fjórar stíjur leigðar í stóru sameignarhúsi. Elísabet Sveinsdóttir var umsjónarkona hússins og voru þáttakendur 4-6.

Sleipnir gerði nýjan samning við Árborg um að framlengja verkefnið og fengu núna á haustmánuðum stórt 20 hesta hús á leigu sem eingöngu er ætlað fyrir þetta verkefni. 1.oktober hóf félagshesthúsið starfssemi sína. Umsjón með húsinu og skipulagningu námskeiða eru Guðrún Linda Björgvinsdóttir og Guðbjörg Anna Guðbjörnsdóttir. Núna fyrsta mánuðinn eru sjö nemendur skráðir og erum við í dag með 8 hesta í verkefninu. Hugmyndin er að bæta allavega tveimur hestum við, ásamt því að á skipulaginu er að fá inn nemendur í Fsu sem fengu þá stíjur gegn því að vinna í húsinu, annað hvort við hirðingu eða aðstoða á námskeiðum.

Nemendur í félagshesthúsinu fá verklega kennslu tvisvar í viku og svo er einn bóklegur tími. Þau fara inn á námskeið Æskulýðsnefndarinnar á mánudögum, þar sem kennarar eru Árný Oddbjörg Oddsdóttir og Arnar Bjarki Sigurðsson og fer kennsla þann dag framm inn í reiðhöll,

einn dag í viku sjá Katrín Eva Grétarsdóttir og/eða Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir um kennsluna og svo er bóklegi tíminn með öðrum nemendum á haustnámskeiðinu okkar.

Reiðskóli Sleipnis og Oddnýjar Láru.

Á sumrin er starfræktur reiðskóli Sleipnis, þar sem börn geta sótt reiðnámskeið þó þau eigi ekki hesta. Oddný Lára Guðnadóttir hefur séð um þennan reiðskóla undanfarin sumur og er boðið upp á 5-10 daga námskeið þar sem börnin læra grunnatriði í hestamennsku, ásetu og stjórnun, farið er í útreiðatúra ásamt uppákomum í reiðhöll. Námskeiðið býður upp á hest, reiðtygi og hjálm. Oddný byrjaði á því að hafa námskeiðin eingöngu á sumrin en ákvað að halda áfram og endaði á því að vera með reiðskólann starfræktan einnig á haust- og vormánuðum, en þurfti að páska námskeiðið í mars vegna Covid-19. Reiðskóli Sleipnis og Oddnýjar Láru er mjög vel sóttur og sumarið 2021 var 20 hópar sem tóku þátt og voru 160 krakkar skráðir í skólann. Þessi reiðskóli er frábært tækifæri fyrir krakka til að kynnst hestamenskunni og erum við að sjá krakka skila sér inn á reiðnámskeið með sína eigin hesta síðar meir.

Mót.



Æfingar vetrarins skila sér á keppnisbrautina og eru Sleipnisfélagar duglegir að taka þátt í mótum, hvort sem um er að ræða vetrarmót, firmamót eða sameiginleg mót eins og Meistaradeild æskunnar og Meistaradeild ungmenna, Íslandsmótum og opnum mótum um land allt. Gaman er að segja frá því að Sleipnir átti 7 Íslandsmeistaratitla í unglunga og ungmennaflokki sem skiptust milli systranna á Sunnuhvoli, Glódís vann 4 titla, og Védís 3, ásamt því að vera í verðlaunasætum í fleiri greinum sem og að Gyða Sveinbjörg var í einnig í verðlaunasætum á Íslandsmóti, auk frábærs gengis á öllum mótum eru þessar ungu konur sér og félaginu frábærar fyrirmyndir innan vallar sem utan.



Haust 2021.

Haustið byrjar vel og fer starfið frábærlega af stað. Eins og sagði að ofan, þá hefur Sleipnir það markmið að bjóða upp á það að krakkar geti stundað hestamenskuna allt árið um kring eins og aðrar íþróttir. Við byrjuðum því starfið okkar 1. Október. Við störtuðum þá félagshesthúsinu og reiðnámskeiði sem byggir á verklegri kennslu einu sinni í viku og bóklegri kennslu einu sinni í viku. Árný Oddbjörg og Arnar Bjarki sjá um verklegu kennsluna, 10 nemendur eru í verklegu tímum, auk þeirra sjö sem eru í félagshesthúsinu, samtals 17 krakkar.

Við buðum líka þeim sem ekki eru búnir að taka inn hesta upp á að koma bara í bóklegu tímum. 23 nemendur eru alls í þeim tímum. Þar sér Sigríður Þjéttursdóttir um annan hvern tíma og fer þá í hin ýmsu atriði er snerta hestamenskuna, t.d. ábendingar, beislisbúnað, ásetu ofl., í tímum á móti koma svo hinir ýmsu gestir í heimsókn. Árný var t.d. með tíma þar sem hún lét krakkana gera hugarkort um hvað þarf að hafa í huga þegar hestur er tekinn á hús, Sigurður Torfi mun koma og fara í umhirðu hófa og járningar, Guðmundur Björgvinsson mun vera með hlið atvinnu- og landsliðsknapans, Glódís Rún og Védís Huld koma sem fulltrúar landsliðsknapa u-21 og ætla þær að fara í markmiðssetningar og þjálfun, lengi hefur staðið til að fá þær í heimsókn til okkar, því þær eru frábærar fyrirmyndir og keppendur sem flestir af okkar krökkum líta upp til. Dýralæknir kemur og fræðir um hina ýmsu sjúkdóma í hestum og svo munum við enda hauststarfið á því að fara í heimsókn í Gegnishóla.

Að lokum.

Gott starf æskulýðsnefndar í hverju félagi er nauðsynleg, því krakkarnir eru framtíð félagsins. Sleipnir hefur stutt vel við æskulýðsnefndina með hvers lags nýjungum sem við höfum beðið um til að bæta starfið. Í vor fékk æskulýðsnefnd styrk frá Rotarý klúbb Selfoss og er búið að panta þjálfunar stangir sem nýtast klárlega vel í kennsluna. Mikill áhugi er meðal barna og

unglinga í félaginu sem við reynum eftir bestu getu að efla og halda í starfinu. Til þess þurfum við að hafa fjölbreytt námskeið og tilboð sem henta sem breiðustum hópi. Er á plönnum haustsins að setja á laggirnar ungliðaráð þar sem 5 krakkar munu sitja og taka þátt í skipulagi starfsins og stjórna t.d. skemmtiviðburðum. Við þurfum að vera á tánum og vera alltaf að endurskoða starfið og finna upp á nýjum hlutum og teljum að með því að fá þátttakendur með okkur í nefnd heyrum við þeirra hlið og hvað þeim finnst vanta. Til að ná til yngstu kynslóðarinnar er hugmyndin að hafa reglulega pollastundir, tengdar mótum félagsins, þar sem boðið er upp á þrautabraut og reiðleiðir sem henta hverju getustigi fyrir sig.

Sleipnir fékk verðlaun fyrir unglिंगastarf á ársþingi HSK og þó við höfum ekki náð að framkvæma alla okkar viðburði eins og Hestafjör og óvissuferð horfum við vongóð til komandi árs og höldum áfram að skipuleggja og efla starfið. Við erum stolt af þeirri vinnu sem við stöndum fyrir og horfum jákvæð til framtíðar með ýmsar hugmyndir á þrjónunum sem gaman verður að framkvæma.

Æskulýðsnefnd Sleipnis er í skýjunum yfir því hve vel hefur tekist að bæði fá nýliða inn í starfið sem og að halda í þá sem eldri eru og hafa verið hjá okkur lengi. Er markmiðum okkar að bæði halda í krakkana okkar sem eru að eldast sem og að fá þá yngri inn því náð með fjölbreyttum tilboðum og öflugum starfi með og án hesta, því hópurinn okkar stækkar og stækkar og er samheldinn og þéttur hópur góðra félaga. Við þökkum fyrir starfið á árunum 2020- 2021 og hlökkum til starfsins á nýju ári, sem verður án efa skemmtilegt og fjölbreytt. Ljóst er að framtíð æsku Sleipnis er björt.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Sleipnis, Guðrún Linda Björgvinsdóttir.